

Mánudaginn 5. okt. 1930.

Nr. 28/1929. **Kristjana St. Ág. Ingimundardóttir**
(Guðm. Ólafsson)

gegn

Franz Benediktssyni og gagnsök
(Bjarni P. Johnson).

Barnsfaðernismál.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 31. okt. 1928: Synji kærður, Franz Benediktsson, eftir löglegan undirbúning fyrir það með eiði á varnarþingi sínu innan 40 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að hann hafi haft holdlegt samræði við kærandi, Kristjönu Steinunni Ágústu Ingimundardóttur, á tímabilinu frá 26. ágúst 1927 til 26. september sama ár, skal hann sýkn vera af kröfum hennar í máli þessu og málskostnaður falla niður.

Vinni kærður hinsvegar ekki svofeldan eið, skal hann teljast faðir sveinbarns þess, er kærandi ól 11. júní 1928 og hlaut í skirninni nafnið Magnús Ragnar, greiða meðlag með barninu og barnsfararkostnað til kæranda eftir úrskurði yfirvalds og ennfremur 20 krónur í málskostnað.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Máli þessu hefir verið áfrýjað af báðum aðiljum, af áfrýjanda með stefnu 21. marz 1929 að veittri gjafsókn og skipuðum málflutningsmanni 15. febr. s. á., og af stefndum með gagnáfrýjunarstefnu, dags. 8. maí þ. á., að veittu uppreistarleyfi, samkv. síðari hluta 1. mgr. 28. gr. hæstaréttarlaganna, dags. 6. s. m.

Eftir uppkvaðningu héraðsdómsins hafa farið fram réttarpróf af hendi beggja aðilja. En með því að þau geta ekki breytt niðurstöðu dómsins, ber að staðfesta hann, þó þannig, að eiðvinningarfrestinn ber að telja frá birtingu dóms þessa.

Vinni stefndur synjunareiðinn, fellur málskostnaður

fyrir hæstarétti niður, og greiðast þá ómakslaun hins skipaða málflutningsmanns áfrýjanda, er ákveðast 80 kr., úr ríkissjóði, enda vottast, að málfærsla hans hefir verið lögmæt.

Verði stefndum hinsvegar eiðfall, greiði hann áfrýjanda málskostnað fyrir hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, þar með talin framannefnd málflutningslaun hins skipaða talsmanns áfrýjanda.

Því dæmist rétt vera:

Lögregluréttardóminum skal óraskað, þó þannig, að eiðvinningarfrestur stefnds, Franz Benediktssonar, teljist frá birtingu dóms þessa.

Vinni stefndur synjunareiddinn, fellur málskostnaður fyrir hæstarétti niður, og greiðast þá ómakslaun hins skipaða talsmanns áfrýjanda, Guðmundar málflutningsmanns Ólafssonar, 80 kr., úr ríkissjóði.

Verði stefndum hinsvegar eiðfall, greiði hann áfrýjanda, Kristjönu S. Á. Ingimundardóttur, málskostnað fyrir hæstarétti, eins og málið hefði eigi verið gjafsóknarmál af hendi áfrýjanda, þar með talið framannefnt málflutningskaup talsmanns áfrýjanda, 80 kr., að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Hinn 11. júní 1928 ól ógift stúlka, að nafni Kristjana Steinunn Ágústa Ingimundardóttir, til heimilis á Laugaveg 20 A hér í bænum, fullburða sveinbarn, sem hlaut í skírninni nafnið Magnús Ragnar. Föður að þessu barni sínu nefndi barnsmóðirin Franz Benediktsson, veitingamañn, Traðarkotssundi 6 hér

í bænum. Hann hefir ekki viljað kannast við faðernið, og er því mál þetta, eftir árangurslausa sáttatilraun og samkvæmt kröfu barnsmóður, höfðað gegn honum. Hefir hún gert þær kröfur, að hann verði dæmdur faðir sveinbarnsins, tll þess að greiða meðlag með því og barnsfararkostnað til sin eftir úrskurði yfirvalds, og ennfremur málskostnað eftir mati réttarins.

Framburður kærandi er á þá leið, að hún hafi haft samræði við kærðan í byrjun septembermánaðar 1927 og þá aftur 14.—20. sama mánaðar, og hafi barnið þá komið undir. Hún kveðst alls ekki hafa haft samræði við neinn annan mann á þessu tímabili og geti því engum öðrum verið til að dreifa um faðernið.

Kærður hefir hinsvegar neitað því, að hann hafi nokkru sinni haft holdlegt samræði við kærandi.

Vitnin Guðmundur Jónsson og kona hans, Sesselja Stefánsdóttir, stjúpdóttir kærðs, sem bæði voru leidd í þessu máli, hafa borið það, að kærandi hefði skýrt þeim svo frá, að maður, að nafni Ottó Guðjónsson, væri faðir að þessu barni. Kærandi, sem var gerður kunnur þessi framburður vitnanna, kveðst ekki geta fortækið, að hún hafi gefið Sesselju það í skyn, en kveðst hinsvegar aðeins hafa gert það til þess, að blekkja hana, og kveður hún jafnframt, að verið geti, að Guðmundur Jónsson hafi heyrt á þetta tal þeirra.

Úrslit máls þessa verða að vera komin undir eiði annarshvors aðila, þar sem þeim ber ekki saman um málavöxtu, og telur dómariinn það réttara, að úrslitin verði látin vera komin undir eiði kærðs, þannig, að vinni hann, innan 40 daga frá lögbirtingu dóms þessa, eið að því, eftir löglegan undirbúning, á varnarþingi sínu, að hann hafi ekki haft holdlegt samræði við kærandi, Kristjönu Steinunni Ágústu Ingimundardóttur, á tímabilinu 26. ágúst 1927 til 26. september sama árs, skal hann sýkn vera af kröfum hennar í máli þessu og málskostnaður falla niður.

Vinni kærður hinsvegar ekki svofeldan eið, skal hann teljast faðir sveinbarns þess, er kærandi ól 11. júní 1928 og hlaut í skírninni nafnið Magnús Ragnar, greiði meðlag með barninu og barnsfararkostnað til barnsmóður, eftir úrskurði yfirvalds, og ennfremur 20 krónur í málskostnað.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.